

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um akstursþjónustu fatlaðra í Sveitarfélaginu Hornafirði

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Á grundvelli samnings sinnir velferðarsvið Sveitarfélags Hornafjarðar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins samkvæmt reglum þessum.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Markmið með akstursþjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómtunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem það nýtur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

II. kafli

Umsókn um þjónustu og skilyrði fyrir þjónustu

2. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um akstursþjónustu skal berast í gegnum íbúagátt á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun.

3. gr.

Gildistími umsóknar

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörfum hvers og eins. Matsnefnd metur umsóknir og hefur heimild til að taka tillit til tímabundinna eða sérstakra aðstæðna, sem metnar eru sérstaklega hverju sinni. Niðurstaða umsóknar er kynnt bréfleiðis. Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt er framkvæmd þjónustunnar í umsjá **verktaka/eða starfsmanna sveitarfélagsins.**

Umsókn um undanþágu frá vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna fjölda ferða og tímabundinna veikinda skal berast í gegnum íbúagátt á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar eða til afgreiðslunar í ráðhúsinu á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu bæjarins og í ráðhúsinu. Matsnefnd er heimilt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum s.s. læknisvottorði, og greiningu á fötlun og upplýsingum um styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar.

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af niðurstöðum þjónustumats og er því einstaklingsbundið til hvers langs tíma þjónustan er samþykkt. Ef um varanlega hreyfihömlun er að ræða er heimilt að samþykkja umsókn ótímabundið. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir akstursþjónustu.

4. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa Sveitarfélags Hornafjarðar sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og geti ekki komið sér af sjálfdáðum á milli staða.

Forsendur úthlutunar akstursþjónustu skv. reglum þessum eru eftirfarandi:

- a) Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu
- b) Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar

Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og notað akstursþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri, á hann rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

Akstursþjónusta fyrir börn.

Forsjáradilar fatlaðra barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum. [Barn yngra en 6 ára skal ávallt vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi þegar ferðast er með akstursþjónustu fatlaðs fólks]. Meta skal hvort þörf sé á að börn yngri en 6 ára séu í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það ábyrgð foreldra að útvega hann. Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelur í lengri viðveru á vegum skólans.

III. kafli

Framkvæmd akstursþjónustunnar

5. gr.

Þjónustutími

Akstursþjónusta er almennt veitt virka daga frá kl. 7:30 til kl. 22:00 og um helgar frá kl. 10:00 til 16:00. Semja skal um reglubundnar ferðir við notendur en sé um óreglulegar ferðir að ræða, þarf alla jafna að óska eftir akstri með dags fyrirvara. Akstursþjónustan skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bílstjórum er heimilt að synja akstri í einstökum tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega. Þeim starfsmönnum sem sinna akstursþjónustu er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og trúnaður skal vera um samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Pantanir/afpantanir

Notendur panta ferðir símleiðis og tekið er á móti pöntunum alla virka daga. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. dags fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er. Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða þjálfunar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða. Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður. Að öðrum kosti telst ferðin með í fjölda ferða fyrir notandann.

7. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars innan þjónustusvæðis. Notandi skal vera tilbúinn til brottfarar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma.

Við sérstakar aðstæður skulu bílstjórar aðstoða notendur í og úr bifreið og frá og að anddyri sé þess þörf. Bílstjórar skulu aðstoða notendur með farangur sem nauðsynlegur er notendum, þó ekki lengra en í anddyri. Skal þá miðað við að notandi hafi ekki meiri farangur en hægt er að bera í einni ferð í eða úr bílnum. Akstursþjónustan er sérhæfð þjónusta og byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri farþegar ferðast að jafnaði saman. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir farþega.

Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

8. gr.

Aðrir farþegar/aðstoðarmenn

Farþega er heimilt að hafa með sér einn fylgdarmann. Geti notandi ekki ferðast einn skal hann hafa fylgdarmann.

9. gr.

Gjaldtaka

Akstursþjónustan fylgir útgefinni gjaldskrá velferðarnefndar sem samþykkt er af bæjarstjórn í janúar ár hvert.

10. gr.

Breyting á færni eða aðstæðum

Umsækjanda er ætíð heimilt að senda inn nýja umsókn hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans.

11. gr.

Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélag um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa **aukin ökuréttindi**, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Fyrir ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Ökumaður þarf einnig að **sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk**, til þess að vera vel búinn undir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni við þjónustuna. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fatlað fólk sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

IV. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnslutlögum nr. 37/1993.

12. gr.

Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður umsækjanda skulu kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef upplýsingar um nauðsyn á akstursþjónustu berast með öðrum hætti. Meðferð umsóknar, öflun upplýsinga og ákvörðun skal fara fram í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er, forráðamenn hans eða persónulegan talsmann eða umboðsmann hans ef við á.

Við afgreiðslu umsóknar skal **velferðar**svið bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kanna að eiga annars staðar. Þá skal **velferðar**svið einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu.

Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við umsækjanda, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Velferðarsvið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun tekin.

13. gr.

Trúnaður

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi, forráðamaður eða talsmaður umsækjanda fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna.

Þar skal jafnframt kynntur réttur hans til að fara fram á að ákvörðunin verði endurskoðuð hjá velferðarnefnd. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda/forráðamanni/talsmanni barst vitneskja um ákvörðunina.

Ákvörðun velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda skriflega og honum jafnframt kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 15. gr. reglna þessara.

15. gr.

Málskot

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarnefndar. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið pósthöfð áður en fresturinn er liðinn.

16. gr.
Gildistaka

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og III. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Reglur þessar taka gildi frá og með **XXX**.

Samþykkt í bæjarstjórn **Höfn í Hornafirði XX.XX.2022**